

Fasteignaskattur

Reiknast af fasteignamati húss og lóðar. Samkvæmt 29. gr. laga nr. 6/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 36/2022, annast Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fasteignamat. Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með áorðnum breytingum. Álagningarprósenta hefur verið ákveðin á íbúðarhúsnæði 0,18%, á atvinnuhúsnæði 1,60% og á aðrar eignir 1,32%. Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Lóðaleiga

Með heimild í lögum nr. 86/1943 sbr. lög nr. 68/1978, ákveður borgarstjórn leigugjald eftir lóðir og lönd sem borgin lætur á leigu. Leigugjaldið fyrir íbúðahúsalóðir er 0,2% af lóðamati þeirra en 1,0% fyrir atvinnulóðir. Lóðaleiga innheimtist með fasteignagjöldum.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs er lagt á með heimild í 2. mgr 23.gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjald fyrir sorphirðu við heimili miðast við fjölda og stærð sorphílata við hverja húseign, losunartíðni þeirra, tegund úrgangs og vegalengd sem draga þarf sorphílát. Í fjöleignarhúsum er gjöldunum skipt eftir hlutfallstölu eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Gjald vegna grenndar- og endurvinnslustöðva Sorpu er lagt á sem fast gjald á hverja íbúð. Gjaldskrá sorphirðu í Reykjavík má finna hér: <https://reykjavik.is/sorphirda/gjaldskra> Sé ílátum fjölgað, fækkað eða losunartíðni breytt á árinu miðast gjaldið við þá viku sem breytingarnar fara fram. Sé ílátum fjölgað eða fækkað er innheimt gjald fyrir akstur og skráningu. Álagning á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfs- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu. Nánari upplýsingar og aðstoð má fá í síma 411-1111 og/eða með því að senda fyrirspurn á netfangið upplýsingar@reykjavik.is.

Afsláttur fasteignaskatts og fráveitugjalds hjá elli- og örorkulífeyrisþegum

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi sem greitt er til Orkuveitu Reykjavíkur á liðnu ári, fá einnig að óbreyttu afslátt fasteignaskatts og fráveitugjalds fyrir árið 2024 að teknu tilliti til tekjuviðmiða. Eftir yfirferð Ríkisskattstjóra á skattframtölum framkvæmir Fjármála- og áhættustýringarsvið breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi elli- og örorkulífeyrisþega. Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um afslátt þessara gjalda. Við álagningu fasteignaskatta í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2022. Þegar álagning vegna tekna ársins 2023 liggur fyrir í júní á þessu ári, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréfluga seinnipartinn í október. Afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi er byggður á reglum sem borgarstjórn setur, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og eru aðgengilegar á [www.reykjavik.is /fasteignagjold](http://www.reykjavik.is/fasteignagjold).

Álagning og innheimta

Álagningar- og breytingarseðlar eru ekki sendir í pósti á árinu 2024 í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum nr. 4/1995 sem tók gildi 1. janúar 2019, en þá er sveitarstjórn heimilt að senda tilkynningu um álagningu fasteignaskatts rafrænt. Fasteignaskattur, lóðaleiga fyrir íbúðarhúsalóðir og sorphirðugjald eru tryggð með lögveði í fasteigninni. Séu eigendur fleiri en einn bera þeir sameiginlega ábyrgð á greiðslu gjaldanna og verða sjálfir að annast skiptingu þeirra. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt innan 30 daga frá gjalddaga, skv. 5. mgr. 4 gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Innheimtuviðvörðun er send út eftir eindaga þar sem gjaldendum er gefinn kostur á að greiða kröfu svo komist verði hjá milli- og löginheimtu gjaldanna.

- Vakin er athygli á því að hægt er að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum í banka.

Upplýsingar um beingreiðslur eru í þjónustubönkum og sparisjóðum. Einnig er hægt að greiða fasteignagjöldin með boðgreiðslum, hægt er að skrá boðgreiðslur á Mínum síðum á www.reykjavik.is/minarsidur. Nánari upplýsingar og aðstoð má fá í síma 411-1111 og/eða með því að senda fyrirspurn á netfangið upplýsingar@reykjavik.is.

- Fjárstýringar- og innheimtuskrifsstofa Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á fasteignaskatti og lóðarleigu í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is og/eða senda erindi frá vefslóðinni <http://reykjavik.is/erindi-vegna-fasteignagjalda>.

- Reykjavíkurborg annast fruminnheimtu gjaldanna. Inkasso ehf. annast milliinnheimtu gjaldanna og Gjaldheimtan ehf. annast löginheimtu gjaldanna.